

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil júlí - september 2013

Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, er hægt að gera full skil á fjármagnstekjuskatti. Undir liðnum Vefskil er valið Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form til útfyllingar. Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil.

Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda. Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.

Fjármagnstekjuskattur er 20%

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Ef úthlutaður arður er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins, gilda sérreglur um skattalega meðferð á arðgreiðslum til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald. Nánari upplýsingar eru á rsk.is.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavískiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Sundurliðun upplýsinga

Vakin er athygli á því að frá og með 1. apríl 2013 ber skilaskyldum aðilum að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum

ársfjórðungi. Sundurliðun vegna þriðja ársfjórðungs ársins 2013 skal gerð við skil með gjalddaga í nóv.

Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á þriðja ársfjórðungi 2013 er 20. október 2013 en eindagi er 6. nóvember.

Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Þeir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein RSK 5.19 til að skila fjármagnstekjuskatti.

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; staðgreiðsla af arði og staðgreiðsla af vöxtum, auk þess sem ávallt skal fylla út samtölureit. Þessari skilagrein, ásamt greiðslu, þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs (ekki í banka).

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.**

Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. janúar 2014 vegna tekna á ársfjórðungnum október - desember og eindagi 4. febrúar 2014.

Minnt er á að sundurliða ber fjármagnstekjur og skil á staðgreiðslu frá og með öðrum ársfjórðungi 2013.